

Dags eftirlits	17.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm ehf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Sindragötu 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bernharð Guðmundsson	Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar skráningu efnalosunar í ársskýrslu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Dýrafirði. Fiskeldisstöðin er kvíaeldisstöð með leyfi fyrir eldi á laxi í sjókvíum á fjórum eldissvæðum, Haukadalsbót, Gemlufalli, Eyrarhlíð og Skagahlíð (sem hefur aldrei verið í notkun). Heimilt er að ala allt að 10.000t lífmassa í stöðinni á hverjum tíma og að jafnaði ekki á fleiri en tveimur staðsetningum á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og ábendingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, starfssvæði og breytingar á rekstri
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og vöktunarmælingar
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Fjögur frávik voru skráð í eftirlitsskýrslur úr tveimur eftirlitum á síðasta ári er varða breytingar á starfsemi sem ekki var tilkynnt, framleiðslu umfram heimildar fyrir árið 2020 og 2021 og ranga staðsetningu eldisnóta í Haukadalsbót. Unnið var eftir úrbótaáætlunum og er frávikum þessum öllum lokið.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Enginn fiskur er í Gemlufalli og Haukadalsbót og svæðið við Skagahlíð hefur aldrei verið notað og stendur ekki til að nota það í bráð. Í Eyrarhlíð voru um 5,7t af fiski í kvíum. Rekstraraðili sendi lífmassaskýrslu fyrir hvern mánuð, fyrir svæðið, að loknu eftirliti og er lífmassi alla mánuðina innan marka starfsleyfisins.

Allar áætlanir eru vistaðar í EQS gæðakerfi rekstraraðila og eru aðgengilegar starfsmönnum þar. Minnt er á að uppfæra þarf áætlanirnar m.t.t. breytinga á verklagi, starfsmönnum og símanúmerum ef við á.

Fóðurgjöf er sjálfvirk og myndavélakerfi í kvíum sem tengist stjórnstöð á Þingeyri þar sem vaktmenn fylgjast með öllum kvíum Arctic Sea Farm.

Allur dauðfiskur er háfaður daglega úr kvíum og settur í meltugeymi sem staðsettur er á fóðurprammanum. Geymirinn er síðan tæmdur yfir í dæluskip sem flytur meltuna til Noregs. Samningur er við Arctic Protein um móttöku meltunnar. Árið 2021 var magn dauðfisks skráð als 2,99t, en óvenju mikill

dauði átti sér stað í vetur vegna umhverfisaðstæðna. Allur annar úrgangur fer til móttökustöðvar Kubbs. Lyfið Alpacax var notað á Haukadalsbót og í Eyrarhlíð árið 2021 en engin önnur mengandi efni hafa verið notuð, utan maurasýru til meltugerðar og olíu á skip og tæki.

Útreiknuð losun fosfórs er innan marka ákvæðis í gr. 3.4 í starfsleyfi eða um 9 kg/framleitt tonn. Bent er á að reikna skal heildar losun fosfórs þegar tölurnar eru settar fram í ársskýrslu en einungis fosfór í föstu formi var tilgreindur fyrir ársskýrslu 2021. Umhverfisupplýsingum skv. gr. 4.3 í starfsleyfi var skilað innan tímamarka. Allar skráningar fara fram í rafrænum gagnagrunni og ekki eru gerðar athugasemdir þar um. Árið 2021 fóru fram 8 sýnatökur á svæðinu á vegum Akvaplan Niva. Hámarkssýnatökur í Eyrarhlíð, Gemlufalli og Haukadalsbót og grunnsýnataka við Eyrarhlíð II. Fengu öll svæðin 1 í einkunn „Mjög gott“ og ekki eru settar fram ábendingar þar um. Sýnatökuskýrslurnar eru birtar á heimasvæði rekstraraðila á ust.is.

Sigt var út að kvíum við Eyrarhlíð og staðsetning þeirra könnuð. Sigt var í kringum fóðurpramma og litið yfir staðsetningu meltugeymis. Engar ábendingar eru gerðar þar um. 10 kvíar voru á svæðinu. Vinna stóð yfir við hreinsun nótapoka. Enga nótapoka var að sjá sem innihalda ásæturvarnir með koparoxíð enda ekki heimild fyrir því í þágildandi starfsleyfi. Þann 18. ágúst sl. var gefið út nýtt starfsleyfi þar sem notkun eldisnóta sem litaðar eru með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð er heimiluð skv. gr. 3.4. Skipt verður um nótapoka við tækifæri og litaðir pokar settir í kvíarnar. Sjóttækni ehf. þjónustar kvíarnar fyrir rekstraraðila.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram varðandi framsetningu útreiknings á losun fosfór í ársskýrslu. Skrá skal heildar losun fosfórs en ekki einungis fosfórs í föstu formi.

ANNAD

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 14.09.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Arnadóttir